



## FUNDARGERÐ

**212. fundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs  
haldinn Fjarfundur í gegnum ZOOM , 5. október 2020  
og hófst hann kl. 11:00.**

### Fundinn sátu:

Ágúst Sigurðsson, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Rafn Bergsson, Lilja Einarsdóttir, Valtýr Valtýsson, Ómar Sigurðsson og Hulda Karlsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Hulda Karlsdóttir, ritari.

### Dagskrá:

**1. Rekstraryfirlit 2020 - Sorpstöð Rangárvallasýslu bs - 2004012**

*Rekstraryfirlit jan-ágú 2020*

Rekstraryfirlit frá janúar til ágúst 2020 lagt fram til kynningar

**2. Rekstraráætlun Sorpstöð 2020 - 1911021**

*Lagður fram viðauki við rekstraráætlun 2020.*

Viðauki 1 við rekstraráætlun 2020 lagður fram. Viðaukinn samþykktur samhljóða.

**3. Rekstraráætlun Sorpstöð 2021 - 2010002**

*Forsendur og undirbúningur fyrir rekstraráætlun 2021.*

Lagt til að hefja rekstraráætlunargerð með samskonar sniði og í fyrra.

**4. Brennsluofn fyrir dýrahæ og aðrar dýraleifar - 1901058**

*Stefán Gíslason hjá UMÍS ehf. Environice fer yfir stöðu mála, þ.e. staða á umhverfismati og undirbúningi verkefnisins.*

Stefán Gíslason hjá UMÍS ehf. Environice fór yfir þann búnað sem þarf að fylgja brennsluofninum, sem og aðstöðu fyrir hann. Drög að frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum eru tilbúin og verða send til Skipulagsstofnunar fljótlega.

**5. Gjaldskrá Sorpstöð 2020 - 1911019**

*Gjaldtaka í móttökustöð.*

Rætt um hækkun á móttökugjaldi sláturúrgangs og dýrahæja. Lögð fram tillaga um hækkun á móttökugjaldi þessa úrgangsflokks í 25 kr.kg. án vsk. og var það samþykkt samhljóða. Meginástæða hækkunar er að gjaldaliðurinn stendur ekki undir kostnaði.

**6. Farvegur úrgangs frá Sorpstöð Rangárvallasýslu - 1901059**

*Staða mála varðandi farveg úrgangs frá Strönd.*

Stefán Gíslason hjá UMÍS Envioence fór yfir erindi sem Sorpstöðin sendi

Umhverfisstofnun í vor þar sem óskað var eftir undanþágu til urðunar á dýraleifum. Komið er svar frá Umhverfisstofnun þar sem starfsleyfi Sorpstöðvarinnar er breytt á þann hátt að tímabundin heimild er veitt vegna urðunar á lífrænum úrgangi þegar lagðar hafa verið fram viðeigandi tryggingar. Ábyrgðartrygging er þegar til staðar. Varðandi starfsleyfistryggingu er tillaga um eftirfarandi bókun:

Sorpstöð Rangárvallarsýslu bs. ábyrgist að staðið verði við þær skyldur sem settar eru fram varðandi frágang og vöktun urðunarstaðar sveitarfélaganna að Strönd (landnúmer L200488), sbr. 61. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Af hálfu Sorpstöðvar Rangárvallarsýslu bs. er litið svo á að yfirlýsing þessi jafngildi starfsleyfistryggingu, sbr. 59. gr. laga nr. 55/2003 og 17. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Ábyrgð þessi gildir í 30 ár eftir lokun urðunarstaðarins.

Samþykkt samhljóða.

Fest hafa verið kaup á pressu til þess að auðvelda flutning á plasti og pappa. Átaki hefur verið hleypt af stað til að hvetja fólk til frekari flokkunar og hreinsunar á plasti en komið hefur upp að gámar frá Sorpstöðinni hafa verið verðfelldir hjá þjónustuaðila.

**7. Móttökustöð og gámaplön á starfssvæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs - 1904010**

*Staða mála á grenndarstöðvum*

Síðastliðnir mánuðir hafa verið annasamir á móttökustöðinni á Strönd og að sama skapi mikið um að vera á grenndarstöðvum og í árlegri sumarhreinsun í sumar. Nauðsynlegt er að koma upp myndavélum á grenndarstöðvum hið fyrsta og er sú vinna í undirbúningi. Þá er í bígerð að girða af grenndarstöðvarnar á Hvolsvelli og Hellu og hafa þar gönguhlið líkt og við grenndarstöðina í Meiri-Tungu.

**8. Aðalfundur SOS 2020 - 2010001**

*Tilnefning fulltrúa á aðalfund.*

Tillaga er um að tilnefna Rafn Bergsson sem aðalman og Ástu Berghildi Ólafsdóttur sem varamann á aðalfund SOS.

Samþykkt samhljóða.

**9. 293 stjórnarfundur SOS - 2007020**

*Fundargerð frá 26052020*

Fundargerð SOS frá 26.5.2020 lögð fram til kynningar.

**10. 294 stjórnarfundur SOS - 2007021**

*Fundargerð frá 23062020*

Fundargerð SOS frá 23.6.2020 lögð fram til kynningar

**11. 295 stjórnarfundur SOS - 2009006**

*Fundargerð frá 31.8.2020*

Fundargerð SOS frá 31.8.2020 lögð fram til kynningar

**12. 296. Stjórnarfundur SOS - 2009054**

*Fundargerð frá 22.9.2020*

Fundargerð SOS frá 22.9.2020 lögð fram til kynningar

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:45.**

---

Ágúst Sigurðsson

---

Ásta Berghildur Ólafsdóttir

---

Rafn Bergsson